



## Erlend kortavelta í júní aldrei verið meiri

Alls fóru 176.300 erlendir ferðamenn í gegnum Keflavíkurflugvöll í júní. Það er um 90% af komum erlendra ferðamanna miðað við júnímánuð 2019 en um 75% af því sem sást þegar mest lét árið 2018. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlendis nam rúmum 28,3 mö.kr. sem er hæsta kortavelta í júní frá því að mælingar hófust.

### 10% færri erlendir ferðamenn í júní í ár en 2019

Frá áramótum hafa um 636.000 erlendir farþegar farið frá Íslandi. Enn er nokkuð langt í land að ná þeim fjölda brottfara sem var fyrir faraldurinn en brottfarir voru um 900.000 talsins á sama tímabili árið 2019, um 264 þúsund fleiri en í ár. Sá munur skýrist þó helst á fyrstu mánuðum ársins en munurinn á milli mánaða 2022 og 2019 hefur minnkað stutt og stöðugt. T.a.m. í janúar á þessu ári voru ferðir erlendra ferðamanna 51% færri miðað við sama mánuð árið 2019 en í júní er þessi munur hins vegar orðinn tæp 10%.

Hins vegar munar nokkru á ferðamannasumrinu í ár og þegar mest lét, árið 2018, þegar 2.3 milljónir ferðamanna heimsóttu landið yfir árið í heild. Brottfarir í júní voru um 25% færri en í sama mánuði árið 2018.

### Söguleg erlend kortavelta

Velta erlendra greiðslukorta hér á landi var 28,3 ma.kr. í júní að nafnvirði<sup>1</sup>, sem samsvarar um 160 þúsund krónum á hvern ferðamann, en erlend kortavelta hefur aldrei mælst jafn há í júnímánuði<sup>2</sup>. Áður hafði kortavelta ferðamanna mælst hæst í júnímánuði 2018 en þá var veltan rúmir 25,5 milljarðar.


Svisslendingar eru eyðsluglaðasta þjóðin en hver Svisslendingur eyddi að meðaltali um 213 þúsund krónum á Íslandi í nýliðnum júnímánuði.

Bandaríkjamenn eru hins vegar lang

<sup>1</sup> Samkvæmt tölum Rannsóknaseturs verslunarinnar.


<sup>2</sup> Frá því mælingar hófust árið 2012.

Brottfarir erlendra ferðamanna



Heimild: Ferðamálastofa og Hagfræðideild Landsbankans.

Kortavelta ferðamanna eftir



Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Ferðamálastofa, Hagfræðideild Landsbankans.




fyrirferðamestir en kortavelta ferðamanna frá Bandaríkjunum var tæp 39% af allri kortaveltu ferðamanna hérlendis í júní. Bandaríkjamenn voru einnig ábyrgir fyrir flestum brottförum í júní, sem kemur ekki á óvart þar sem Bandaríkjamenn hafa verið fjölmennasta þjóðernið í júnímánuði í um áratug. Brottfarir Bandaríkjamanna voru rúm 30% af heildinni í nýliðnum júnímánuði, á eftir þeim koma Þjóðverjar með rúm 12% og þriðja fjölmennasta þjóðin sem heimsótti landið voru Frakkar sem telja um 6% af heildar brottförum frá Keflavíkurflugvelli í síðasta mánuði.

### Hver ferðamaður eyðir meiru en áður


Ef kortavelta ferðamanna er skoðuð á föstu gengi sést að hver ferðamaður eyðir meiru að jafnaði en hann gerði árið 2019, fyrir faraldurinn. Aukningin milli júnímánaðar 2019 og 2022 er nokkuð vegleg en erlendir ferðamenn eru að verja rúmlega 28% meira fjármagni á landinu síðastliðinn júní en árið 2019, á föstu gengi. Svo virðist vera sem faraldurinn hefur haft nokkuð jákvæð áhrif á greiðsluvilja erlendra farþega, enda margir búnir að spara við sig ferðalög síðustu árin.

### 11% færri bílaleigubílar í umferð nú í júní en 2019

Í júní í ár voru 21.600 bílaleigubílar í umferð sem er um 11% færri bílaleigubílar í umferð en árið 2019. Þetta samsvarar um 8,2 ferðamönnum á bílaleigubíl en í janúar var þetta hlutfall 3,9 ferðamenn í hverjum bíl og í maí var þetta hlutfall 5,8. Stökkið milli mánaða er því mikið. Þegar mest lét árið 2018, þegar 234.000 ferðamenn komu til landsins, voru hins vegar að meðaltali 9,5 ferðamenn á hvern bílaleigubíl.



Kortavelta núvirt með gengisvísitölu.  
Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar, Ferðamálastofa, Hagfræðideild Landsbankans.



Heimild: Hagstofa Íslands og Hagfræðideild Landsbankans.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.